

13. apríl 1983

393

Nr. 258

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Garðabæ.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjárhaldi í Garðabæ og að tryggja að fyllstu hollustuhátta verði gætt við búfjárhald.

2. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár-, sauðfjár- og alifuglahald) er óheimilt í Garðabæ nema með sérstöku leyfi bæjarráðs. Reiðhestahald samkvæmt reglum er hestamannafélög í Garðabæ setja og bæjarráð samþykkir, er þó undanþegið reglugerð þessari sbr. lög nr. 44/1964.

3. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr., skal senda umsókn um það til bæjarráðs. Í umsókn skal gera grein fyrir tegund og fjölda búfjárens, sem óskað er leyfi fyrir, húsakosti, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru er máli kann að skipta. Allir þeir, sem eru með búfé við gildistöku þessarar reglugerðar, skulu sækja um leyfi skv. 1. gr. innan 3. mánaða frá gildistöku hennar, en að þeim tíma liðnum skal búfé, sem haldið er án heimildar, meðhöndlað samkv. 6. gr.

4. gr.

Nú telur bæjarráð, að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar Garðabæjar, að skilyrði fyrir búfjárhaldi séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið. Leyfi miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Bæjarráð getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, eða fer ekki eftir fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar, t. d. gætir ekki búfjárens á fullnægjandi hátt, eða lætur vera að koma í veg fyrir mengun umhverfis, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar í samráði við heilbrigðisnefnd skal annast reglubundið eftirlit með búfjárhaldi skv. reglugerð þessari, hvað varðar þrifnað, mengun umhverfis og hollustuhætti, í samræmi við gildandi heilbrigðisreglugerð. Skylt er þessum aðilum að rannsaka kvartanir vegna búfjárhalds, gefa ábendingar um atriði sem betur mættu fara og að veita hæfilegan frest til úrbóta.

6. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem reglugerð þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans, og er þá heimilt að selja það á uppboði eða láta sláttra því. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna eða fyrirmæla heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar um meðferð búfjárens.

7. gr.

Sá, sem leyfi fær til búfjárhalds, er ábyrgur fyrir vörslu þess og ber ábyrgð á tjóni, sem það kann að valda vegna óhollustu, óþrifnaðar, mengunar eða með ágangi á lönd eða eignir annarra. Eigandi búfjár ber ennfreður ábyrgð á öllum kostnaði sem kann að verða við handsömun og varðveislu þess. Selja má búfé til lúkningar kostnaði ef eigandi greiðir hann ekki. Salan skal fara fram innan þeirra tímamarkana og skv. þeim reglum sem settar eru í reglugerð um fjallskil, fyrir Hafnarfjörð og Gullbringusýslu (reglugerð um fjallskil fyrir Garðabæ verði hún sett).

8. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir hvert veitt leyfi. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum.
Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1983.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps fer með stjórn heimilisþjónustu í Kirkjubæjarhreppi. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum oddvita eða annars starfsmanns er hún væri falin sérstaklega.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísun læknis eða hjúkrunarfræðings eða öðrum tilvísunum sem hreppsnefnd metur gildar.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsynleg sé hverju sinni.